



31. janúar 2002

## Verðlagsáhrif gjaldskrárhækkana ríkisins

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um fyrr í þessum mánuði um að endurskoða gjaldskrárhækkunar ríkisins hefur verið farið vandlega ofan í saumana á áhrifum þeirra til hækkunar á janúarvísitölu. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

- > Um áramótin hækkuðu komugjöld á heilsugæslustöðvum úr 700 í 850 krónur og fastagjald hjá sérfræðilæknum fór úr 1.800 í 2.100 krónur. Auk þess var fyrirkomulagi kostnaðarþátttöku notenda breytt. Áhrif þessara breytinga á janúarvísitölu eru metin um 0,06%.
- > Afnotagjöld Ríkisútvarpsins hækkðu um 7% um áramótin. Áhrifin á vísitölu eru 0,04%.
- > Hækkun skólagjalda í framhaldsskólum kom að hluta til framkvæmda um áramótin og leiddi til 0,01% hækkunar vísitölu.
- > Vopnaleitargjald var hækkað um áramótin. Áhrif á vísitölu voru 0,01%.
- > Aukin greiðsluþátttaka í lyfjakostnaði sem kom til framkvæmda um áramótin með 10% hækkun gólfis og þaks er talin hafa leitt til 0,04% hækkunar janúarvísitölu. Heildaráhrif hækkunar á þessum vísitölulíðu eru hins vegar um 0,12%. Ætla má að mismunurinn stafi af áhrifum gengislækkunar, afnámi eða lækkun á afslætti, hærra innkaupsverði erlendis frá og etv. hækkun álagningar.
- > Samanlögð áhrif þessara gjaldskrárhækkana á janúarvísitölu eru því 0,16%, eða um 1/6 af heildaráhrifunum.

Til samanburðar má nefna að áhrif gjaldskrárhækkana sveitarfélaga eru metin til 0,11% hækkunar í janúarvísitölu sem að langmestu leyti má rekja til hækkunar gjalda sem taka mið af fasteignamati.

Til viðbótar má geta þess að í forsendum fjárlaga fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir hækkun á áfengisgjaldi. Tímasetning þessarar hækkunar var ekki ákveðin en miðað við að hún skilaði um 400 m.kr. tekjuauka á árinu. Það jafngildir tæplega 7% hækkun gjaldsins m.v. heilt ár. Ætluð verðáhrif m.v. 7% hækkun eru 4% hækkun útsöluverðs og 0,06-0,07% í vísitölu.

Hækkun skólagjalda í framhaldsskólum mun ekki skila sér endanlega inn í vísitöluna fyrr en næsta haust, en talið er að vísitöluáhrifin verði óveruleg.

## Er launapróun ríkisins ógnun við stöðugleikann?

Umræður um launamál og samanburður milli launapróunar ríkisstarfsmanna annars vegar og almenna markaðarins hins vegar eru vinsælt umræðuefni í fjölmiðlum. Þar er gjarnan staðhæft að ríkisstafsmenn hafi fengið ríflega sinn skerf af hinu efnahagslega góðæri síðustu ára. Í þessari umræðu er þó oftan en ekki verulega hallað réttu máli.

Sköðum nokkur atriði. Það sem helst hefur verið horft til er mismunandi launapróun eins og hún mælist samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar. Þar fæst vissulega sú niðurstaða að laun opinberra starfsmanna hafi hækkað meira en laun launafólks á almenna markaðnum undanfarin ár. Enginn dregur í efa að rétt sé mælt. Hins vegar er nauðsynlegt að rýna vandlega í samsetningu þeirra mælinga sem að baki liggja til þess að átta sig á hvernig launapróun þessara tveggja hópa er háttað.

Þar má í fyrsta lagi nefna að launavísitala Hagstofunnar tekur ekki einungis til ríkisstarfsmanna heldur einnig starfsmanna sveitarfélaga og bankamanna. Þótt almenn fjölmiðlaumræða greini ekki sérstaklega á milli launapróunar þessara þriggja aðila er ljóst að hún hefur ekki alltaf fylgst að. Sérstaklega þarf að huga vandlega að talnalegum samanburði síðustu ára þar sem miklar verkefnatílfærslur hafa orðið á milli ríkis og sveitarfélaga – og reyndar einnig á milli ríkisins og almenna markaðarins, t.d. vegna hlutfélagavæðingar Pósts

og síma o.fl. Tilfærsla á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga og almenna markaðarins hefur auðvitað áhrif á samsetningu launa, bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Annað mikilvægt atriði í þessu samhengi er að sérhæfing er hlutfallslega mikil hjá ríkinu og sértækar menntunarkröfur því meiri en gengur og gerist á almenna vinnumarkaðnum. Þetta birtist meðal annars í því að háskólamenntaðir starfsmenn eru í meirihluta hjá ríkinu, eða um 51%, á sama tíma og hlutfall háskólanna á vinnumarkaðnum í heild er um 20%. Þessi mismunur hefur að sjálfsögðu áhrif á allan launasamanburð.

Staðreyndin er sú að kjarasamningar ríkisins á undanförmum árum hafa í öllum meginatriðum tekið mið af þeim launa- og efnahagsforsendum sem lagðar hafa verið til grundvallar við gerð kjarasamninga á almenna markaðnum. Þau sáráfu frávik sem orðið hafa frá þessari almennu línu, og varða einkum kennara og heilbrigðisstettir, hafa notið almenns stuðnings, ekki einungis hjá viðkomandi stéttarfélögum heldur almennt í þjóðfélaginu. Þorri stéttarfélaga hjá ríkinu hefur hins vegar í einu og öllu fylgt almennri launapróun í landinu.

Loks er rétt að minna á að þrátt fyrir allt er ríkið tiltölulega léttvægt á vinnumarkaðnum. Samkvæmt síðustu áætlunum eru starfsmenn ríkisins um það bil 19 þúsund talsins, eða einungis ríflega tíundi hluti alls vinnuafis í landinu. Því verður að telja að áhrif ríkisins á almenna launapróun í landinu séu á köflum ofmetin og fráleitt að halda því fram að launapróun ríkisstarfsmanna hafi á nokkurn hátt ógnað efnahagslegum stöðugleika í landinu á undanförmum árum.

## Stuðlar alþjóðavæðing að aukinni fátækt?

Andstæðingar alþjóðavæðingar hafa haft hljótt um sig að undanförmum og lítið hefur verið um öflug mótmæli gegn henni. Líklegt er að hryðjuverkaárásin á Bandaríkin þann 11. september sl. hafi að einhverju leyti haft lamandi áhrif á þennan hóp eins og aðra. En um alþjóðavæðingu eru skiptar skoðanir og vert er að skoða frá ýmsum sjónarhornum hvaða áhrif hún getur haft.

Helstu umkvörtunarefni hjá andstæðingum alþjóðavæðingar hafa verið að hún auk ójöfnuð – bæði innanlands og á milli landa. Nýleg rannsókn Alþjóðabankans leiðir hins vegar í ljós að þessi staðhæfing er ekki rétt. Ójöfnuður hefur þvert á móti minnkað og það sem skiptir enn meira máli er að fjöldi þeirra er lifir í örbirgð hefur minnkað.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar náði fjöldi þeirra er býr við örbirgð, þ.e. lifir á minna en einum dollara á dag, hámarki árið 1980 en þá töldust 1,4 milljarðar manna eða 30% jarðarbúa búa við slík kjör. Á þeim tveimur áratugum sem síðan eru liðnir - á sama tíma og alþjóðavæðing hefur aukist mjög hratt - hefur þessi hópur minnkað í 1,2 milljarða eða 20% jarðarbúa. Bilið á milli ríkra og fátækra náði einnig hámarki um 1980 en hefur minnkað síðan. Ójöfnuður innan einstakra landa hefur þó aukist en í þeim tilfellum er frekar um að kenna innlendum aðstæðum en alþjóðavæðingu. Tekjubíll hefur t.d. breikkað í Kína þar sem fólk hefur ekki verið leyft að flytja frá sveitahéruðum til ört vaxandi þéttbýlissvæða við strandlengjuna. Flestar hagfræðilegar athuganir benda hins vegar til þess að alþjóðavæðing auki hagvöxt og bæti lífskjör, enda virðist þróunin í þeim löndum sem hafa verið virkir þátttakendur í alþjóðavæðingunni staðfesta þessar athuganir.

Því miður eru enn margir sem búa við mikla fátækt og er þá oft um að ræða lönd sem standa frammi fyrir erfiðum aðstæðum eins og t.d. slæmu veðurfari, óhagstæðri landlegu, skorti á menntun, alvarlegum smitsjúkdómum eða spilltri stjórn. En alþjóðavæðing sem slík, þ.e. að opna landið fyrir erlendum viðskiptum og fjárfestingu, er ekki þess valdandi að halda fólk í fátækt - þvert á móti.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	1999-2000	2000-2001
Skatttekjur alls	10,8	6,0
Tekjuskattar	18,9	14,6
Tryggingagjöld	9,1	12,0
Eignarskattar	17,5	12,8
Veltuskattar	6,7	0,0
Tekjur alls	6,7	6,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar %	1999-2000	2000-2001
Almenn mál	13,3	4,4
Félagsmál	9,9	14,7
Atvinnumál	4,4	17,0
Vaxtagjöld	37,8	9,7
Önnur útgjöld	8,9	45,3
Gjöld alls	11,7	14,1

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
M.kr.	2000	2001
Tekjur umfram gjöld	8972	-3974
Hr. lánsfjárfjöfnuður	9172	-22710
Afborganir lána	-34443	-22310
Br. lánsfjárfjöfnuður	-30769	-56895
Lántökur	27793	65227
Greiðsluafkoma	-2978	8332

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga-jan-2001/02	3,5	9,4
Kjarnaverðb.-jan 2001/02	2,6	10,9
Launavísitala-des 2000/01	7,6	9,6
Heildarvelta jan-okt 00/01	8,8	13,1
Smás.velta jan-okt 00/01	4,2	6,5
Atvinnuleysi - des 2000/01	1,3	1,9